

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag lóðar Háskólans á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag lóðar Háskólans á Akureyri, á svonefndu Sólborgarsvæði. Deiliskipulagið kveður m.a. á um byggingarreiti fyrir Rannsóknarhús og næstu byggingaráfanga Háskólans, götur, bílastæði og stíga. Á hluta svæðisins er deiliskipulagi frestað. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 6. desember 2001.*

F.h. bæjarstjórnar Akureyrar,

**Kristján Þór Júlíusson** bæjarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Umsóknargögn skulu vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Ef lýsing, einkaleyfiskröfur, ágríp og texti á teikningum eru ekki á íslensku skulu einkaleyfiskröfur, ágríp og texti á þeirri mynd, sem birta skal með því, liggja fyrir í íslenskri þýðingu áður en umsókn er gerð aðgengileg. Ef umsókn leiðir til veitingar einkaleyfis skal samþykkt gerð einkaleyfiskrafna, ágríps og texta á teikningum liggja fyrir í íslenskri þýðingu innan fjögurra mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um að unnt væri að veita einkaleyfi skv. 1. mgr. 19. gr. ell. Innan sama tíma skal samþykkt gerð lýsingar liggja fyrir í íslenskri þýðingu eða á ensku.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi tekur til allra einkaleyfisumsókna sem lagðar eru inn frá og með 1. janúar 2002.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 6. desember 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Þorgeir Örlygsson.*